

Stjórnarfundur UMSB
02.07.2014 – kl. 20.00
Skrifstofa Borgarbyggðar í Reykholti

Mættir: Þórhildur María Kristinsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Aðalsteinn Símonarson, Pálmi Blængsson, Kristín Gunnarsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson.

Dagskrá fundar:

1. Formaður setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Samþykkt

3. Verkefni í gangi

a) Ípróttta og tómstundaskólinn- samningur við Borgarbyggð

Pálmi á fund með Ásthildi á þriðjudaginn í næstu viku. Búið er að gera drög að samningi sem hefur verið sendur á stjórnarmenn til skoðunar. Rætt um hvernig er best að haga þessu og hver á að borga, t.d laun starfsmanna, búnað og aðstöðu.

Samþykkt að Pálmi haldi áfram með samningagerð við Borgarbyggð og auglýsi eftir starfsmanni í kjölfarið.

b) Landsmótið okkar 2016, tjaldstæðamál o.fl.

Umsókn með tjaldsvæðið, Pálmi les upp svar frá Eiríki starfandi sveitarstjóra vegna fyrirhugaðs tjaldsvæðis, þar er okkur tilkynnt að ekkert verði gert varðandi úthlutun svæðisins fyrir en með gerð rammaskipulags í byrjun næsta árs. Þetta er ekki ásættnalegt svar og Sigurður og Pálmi hafa samband við sveitastjórn og Jökul Helgason til að koma málinu áfram.

c) SamVestmót 5.júlí í Borgarnesi

Mót á laugardaginn í Borgarnesi, Pálmi auglýsir eftir starfsmönnum.

d) Búningamátun

Allir stjórnarmeðlimir búnir að máta búning og afhending verður fljótlega á fyrstu pöntun. Stefnt er að því að auglýsa fljótlega síðasta séns til að máta og panta galla sem verða tilbúnir fyrir unglingalandsmót.

4. Umsókn um inngöngu í UMSB-Dansípróttafélag Borgarbyggðar.

Pálmi segir okkur frá ferlinu um inngöngu í sambandið. Pálmi sendi á Evu Karen svar við umsókn hennar sem tekin var fyrir á síðasta stjórnarfundum um að lög Dansípróttafélags Borgarbyggðar væru ófullnægjandi og ekki væri hægt að samþykka inngöngu að svo stöddu. Nú eru kominn ný lög frá nýjum stórnarmönnum sem eru lögð fyrir fundinn og rædd. Dansípróttafélag Borgarbyggðar er samþykkt í UMSB þó með fyrirvara um endurbætur á lögum. Stjórn ætlar að athuga hvort mögulegt sé að Dansípróttafélag Borgarfjarðar og Dansípróttafélag Borgarbyggðar geti unnið saman að einhverju leyti.

5. Önnur mál.

- a) Ganga um Vatnaleið sem fram fer á sunnudaginn 6 júlí. Búið er að skipuleggja ferðir og gistingu, kostar ferðin 4.000,- kr á mann og er innifalið rútuferð að Hlíðarvatni og frá Langavatni eftir göngu og gisting í skála við Hítarvatn. Þáttaka er um 10-12 manns.
- b) Unglingalandsmót. Pálmi ræddi við Sigríði Bjarndóttur um hvernig málin ganga um undirbúning fyrir Landsmót. Það gengur vel og er hún kominn í samband við einhverja foreldra og segir hún að áhugi sé hjá fólki.
- c) Landsmót 50 + yfirstaðið og gekk vel og nokkuð góð þáttaka.
- d) Samskipti Borgarbyggðar og UMSB aðeins rædd, ásamt umhirðu íþróttavallana í sveitarfélaginu.
- e) Leiga á tjöldum rædd og spurning um hvort hækka eigi leiguna á tjöldunum og hvort ekki sé spurning um að fá umsjónarmann á tjaldið til að ganga úr skugga um hvort það sé í lagi við upphaf leigu og skil. Kristín stingur uppá að ræða við Binna í Hlöðutúni um að sjá um tjaldið, þar sem tjaldið er í geymslu hjá honum. Samþykkt að leigja

tjalldið út fyrir 20.þús. í hvert skipti. Ræða við Binna í Hlöðutúni um hvort hann vilji hafa umsjón með leigunni.

6. Næsti stjórnarfundur.

- a) 22.júlí kl. 20 í Varmalandi samkv. dagatali. – Breyting, fundurinn verður á Þorgautsstöðum.

Fundi slitið kl 22:30

Fundagerð ritaði Þórhildur María Kristinsdóttir